

Viðauki við ákvörðun FST nr. 4/2023
Fyrirmæli um breytingar

Fjarskiptastofa (FST) mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á uppfærðum drögum Mílu að viðmiðunartilboði félagsins fyrir aðstöðuleigu sem FST lagði í samráð þann 28. september 2022.

8. gr. í meginmáli viðmiðunartilboðs skal orðast svo:

„Þjónustusala er heimilt í neyðartilfellum að taka niður eða aftengja búnað fyrirvaralaust ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis. Þjónustusala ber að tilkynna þjónustukaupa um niðurtöku eða aftengingu búnaðar eins fljótt og auðið er. Valdi búnaður þjónustukaupa sannanlega truflunum á öðrum búnaði, skal viðkomandi þjónustukaupi greiða allan kostnað sem af því hlýst að koma í veg fyrir truflanir svo og kostnað við að greina og leysa vandann.“

13. gr. í meginmáli viðmiðunartilboðs skal orðast svo:

„Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila. Þjónustukaupa er því óheimilt að framleigja aðstöðu þjónustusala til þriðja aðila nema með skriflegum framsalssamningi og að upplýsa þjónustusala með því að senda afrit af framsalssamningnum. Þjónustukaupa ber að upplýsa alla viðkomandi um þau réttindi og skyldur sem framsalssamningnum fylgja. Framsalssamning ber að gera samkvæmt leiðbeiningum frá þjónustusala.“

Þriðja efnisgrein í kafla 1.5. í viðauka 1 skal orðast svo

„Þjónustukaupa er óheimilt að framleigja rétt sinn til afnota af inntaki og lagnaleiðum innanhúss til þriðja aðila nema með skriflegum framsalssamningi.“

Fyrsta efnisgrein kafla 1.1. í viðauka 2 skal orðast svo

*„Verðskrá fyrir leigu í tækjarými, sal eða tækjahúsi er í 4. gjaldflokkum. Salir, Þéttbýli, Dreifbýli og Utan byggðar. Tækjarými/hús telst vera utan byggðar ef að staðsetning er við eða nálæg ógreiðfærum vegi. Verðskráin er samsett úr fjórum stærðareiningum sem eru ½*60*60cm, 1*60*60cm, ½*80*80cm og 1*80*80cm.“*

Kafla 1.6. í viðauka 2 skal orðast svo:

„Verð fyrir aðgang að tengigrind eða tengiskáp er 1.223 krónur á mánuði fyrir hverjar 100 línur af kopar“

Önnur efnisgrein í kafla 2, viðauka 3 skal orðast svo:

„Ef umgengni um samtengimúffu þarf að vera oftari en einu sinni á viku telst ekki vera um samtengimúffu að ræða heldur, heldur samtengiskáp. Í inntaksherbergjum er annað hitastig, rakastig og lýsing en í tækjarýmum eða tækjasölum og umgengis- og öryggisreglur eru ekki þær sömu. Samtengiskápa á að staðsetja í tækjarými eða tækjasal en einungis samtengimúffur á að staðsetja í inntaksherbergi.“

2. kafli í viðauka 5 skal orðast svo:

„Almennt markmið þjónustusala er að umsóknum um aðstöðuleigu sé svarað innan fimm virkra daga frá því að umsókn berst, og þjónustukaupi upplýstur um hvort hægt sé að uppfylla óskir um umbeðna aðstöðuleigu. Samskipti fara fram í skilaboðum á þjónustuvef þjónustusala og/eða í tölvupóstsamskiptum.“



Viðmiðunartilboð fyrir aðstöðuleigu

September 2022

1. Um samninginn

1. Aðilar

Míla ehf., kt. 460207-1690, Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík (hér eftir nefndur þjónustusali) og _____ kt. _____, (hér eftir nefndur þjónustukaupi) gera með sér svofelldan samning, skv. 28. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, hér eftir nefndur samningurinn.

2. Markmið

Markmiðið með samningnum er að veita, á grundvelli réttmætra og sanngjarnra beiðna fjarskiptafyrirtækja, aðstöðuleigu í samræmi við ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 8/2014 og 21/2015 sem og ákvörðun Fjarskiptastofu 5/2021 sbr. þágildandi ákvæði 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 (FSL), sbr. 2. mgr. 29. gr. FSL, nánar skilgreint í viðauka 1.

2. Aðgangur að aðstöðuleigu

Aðstöðuleiga skal veitt eins og lýst er í viðauka 1 með þessum samningi.

Afgreiðsla aðstöðuleigu er tilgreind í viðauka 5 sem fylgir þessum samningi.

3. Verð og verðbreytingar

Verðskrá fyrir aðstöðuleigu er að finna í viðauka 2. Verð í samningi þessum og viðauka er án virðisaukaskatts.

Þjónustusali skal tilkynna þjónustukaupa um verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

4. Reikningar og greiðslur

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er leiga innheimt fyrirfram fyrir hvern mánuð. Útgáfudagur reikninga er í lok hvers mánaðar. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda um virðisaukaskatt á hverjum tíma. Þjónustukaupi skal greiða mánaðarlega samkvæmt verðskrá þjónustusala.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum á eftir útgáfudag reiknings og eindagi er 2. dag næsta mánaðar eftir gjalddaga. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal þjónustukaupi greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags, auk þess sem gjald vegna innheimtuviðvörðunar leggst á kröfu við útsendingu tveim dögum eftir eindaga.

5. Öryggi búnaðar og tilkynningar

Þjónustusala er heimilt að krefjast þess að lögð séu fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um uppsetningu, viðhald og rekstur búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur.

Starfsmenn þjónustukaupa skulu í öllum tilfellum uppfylla umgengnisreglur þjónustusala, sjá viðauka 6.

6. Gæði þjónustu

Aðilar skulu kappkosta að uppfylla viðmið varðandi dagsetningar og tæknilegar kröfur sem fram koma í samningi þessum.

7. Takmörkun á bótaábyrgð

1. Takmörkun bótaábyrgðar vegna bilana í fjarskiptaneti

Þjónustusali tekur ekki á sig neina ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna.

2. Tryggingar þjónustukaupa

Þjónustukaupi skal sjá sjálfur um tryggingar á eigin búnaði og mönnum á vegum þjónustukaupa og tryggingar á tjóni á mönnum og munum þriðja aðila sem þjónustukaupi kann að bera bótaskyldu á. Þjónustusali er ekki ábyrgur fyrir tjóni sem verður á mönnum eða munum sem rekja má til skemmda á húsnæði eða mastri.

8. Takmörkun vegna öryggisástæðna

Þjónustusala er heimilt í neyðartilfellum að taka niður eða aftengja búnað fyrirvaralaust ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis. Þjónustusala ber að tilkynna þjónustukaupa um niðurtöku eða aftengingu búnaðar eins fljótt og auðið er. Valdi búnaður þjónustukaupa sannanlega truflunum á öðrum búnaði, skal viðkomandi þjónustukaupi greiða allan kostnað sem af því hlýst að koma í veg fyrir truflanir svo og kostnað við að greina og leysa vandann.

9. Vanefndir

1. Vanefndir og réttur til úrbóta

9.1.1. Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndina.

9.1.2 Samningsaðili, sem hefur vanefnt samninginn, skal bæta úr vanefndinni án tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir að tilkynning um vanefnd berst skv. ákvæði í 9.1.1.

9.1.3 Nú verður samningsaðili ekki við skriflegri áskorun um að bæta úr vanefnd innan 14 daga frá því honum berst tilkynning, sbr. ákvæði 9.1.1.

og 9.1.2., og telst vanefndin þá veruleg að þeim tíma liðnum og veitir samningsaðila rétt til riftunar þegar í stað, sbr. 9.2.

2. Veruleg vanefnd – Riftun þegar í stað

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað með skriflegri tilkynningu til gagnaðila:

- a. ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.
- b. ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, leitar eftir eða fær heimild til nauðasamninga eða farið er fram á gjaldprotaskipti á búi hans.
- c. ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.
- d. ef þjónustukaupi setur upp búnað sem ekki fullnægir tækniskilmálum sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.
- e. ef notkun þjónustukaupa á búnaði er ekki í samræmi við tækniskilmála sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 45 daga frá gjalddaga.

3. Aftenging búnaðar vegna vanefnda

Hafi þjónustukaupi látið niður falla að greiða umsamda leigufjárhæð í 45 daga frá gjalddaga eða lengur er þjónustusala heimilt að undangenginni aðvörðun að láta aftengja eða slökkva á búnaði þjónustukaupa og fjarlægja hann á kostnað þjónustukaupa.

4. Skaðabætur

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

5. Dráttarvextir

Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir, lögum samkvæmt frá gjalddaga til greiðsludags.

10. Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði

1. Upplýsingaskylda

Hvorum aðila ber að veita gagnaðila aðgang að upplýsingum um tæknileg atriði að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Kort yfir tækjarými og tækjahús Mílu má finna á þjónustuvef Mílu
<https://thjonustuvefur.mila.is>

2. Höfundarréttarákvæði

10.2.1 Almenn ákvæði

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

10.2.2 Sérstakt ákvæði

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

11. Þagnarskylda

Aðilar skuldbinda sig til að ljósra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttengið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði, eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

12. Greiðslutrygging

Þjónustusala er heimilt að óska eftir tryggingu frá þjónustukaupa um að staðið verði við skilmála samningsins og viðauka við hann. Verði óskað eftir tryggingu skal hún vera í samræmi við væntanlegt umfang viðskiptanna.

13. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila.

Þjónustukaupa er því óheimilt að framleigja aðstöðu þjónustusala til þriðja aðila nema með skriflegum framsalssamningi og að upplýsa þjónustusala með því að senda afrit af framsalssamningnum.

Þjónustukaupa ber að upplýsa alla viðkomandi um þau réttindi og skyldur sem framsalssamningnum fylgja. Framsalssamning ber að gera samkvæmt leiðbeiningum frá þjónustusala.

14. Endurskoðun

Hvor aðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim

hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.

15. Óviðráðanleg atvik

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

16. Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings

1. Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki hafa þegar undirritað samning um aðstöðuleigu við Mílu tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja aðila undir samning þennan. Samningurinn er ótímabundinn en getur tekið breytingum í samræmi við grein 16.3 og 16.4.

2. Nýr viðsemjandi á þjónustuvef Mílu

Viðskiptavinur eða nýr viðsemjandi sem óskar eftir að gerast aðili að samningi þessum án þess að skrifa undir samning þennan verður aðili að samningi þessum um leið og hann hakar við samþykki um undirritun á viðmiðunartilboði um aðstöðuleigu og þjónustu á þjónustuvef Mílu <https://thjonustuvefur.mila.is/colocation>

Hann skal eftir það í öllu fylgja skilmálum samningsins og viðaukum hans.

3. Breytingar á samningi vegna nýs viðmiðunartilboðs

Þegar í gildi er samningur um aðstöðuleigu milli Mílu og þjónustukaupa leysir nýtt viðmiðunartilboð um aðstöðuleigu, sem samþykkt hefur verið af Fjarskiptastofu, hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, með fyrirvara um hugsanlegar breytingar af hálfu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða dómstóla,

4. Uppsögn

Þjónustukaupi getur sagt upp samningi með sex mánaða fyrirvara. Ef samið hefur verið um aðstöðuleigu til tiltekins tíma gilda jafnframt ákvæði í viðauka 2, lið 1.7 ef aðstöðuleigu er sagt upp áður en umsaminn gildistími rennur út.

17. Misræmi

Ef misræmi er á milli samnings og viðauka gilda ákvæði þessa samnings.

18. Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega.

Allar orðsendingar varðandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða fylgiskjöllum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

Þjónustusali:
Þjónustukaupi:

19. Viðaukar

Eftirfarandi skjöl eru hluti af samningi þessum:

Viðauki 1 – Grunnþjónusta aðstöðuleigu

Viðauki 2 – Verðskrá

Viðauki 3 – Verklags- og öryggisreglur

Viðauki 4 – Umsókn og afgreiðsla

Viðauki 5 – Reglur um umgengni

Viðauki 6 – Viðaukasamningur um einstakar aðstöðuleigur

20. Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín á milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna að fjarskiptalögum og lögum um Fjarskiptastofu á hverjum tíma. Mál vegna túlkunar á samningsákvæðum sem heyra ekki undir lögsögu Fjarskiptastofu skal reka fyrir almennum dómstólum. Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, [dags] _____

Fyrir hönd þjónustusala _____

Fyrir hönd þjónustukaupa _____

Viðauki 1. Grunnþjónusta aðstöðuleigu

1.1. *Eftirfarandi grunnþjónusta er í boði*

- Aðstaða fyrir skápa
- Aðstaða fyrir samtengimúffur
- Aðstaða fyrir loftnet
- Aðstaða fyrir tengibretti eða tengilista á tengigrind eða í tengiskáp
- Afnot af inntaki og lagnaleiðum
- 230V og 48V rafmagn

Þjónustusali býður þjónustukaupa upp á aðstöðuleigu fyrir skápaeiningar undir fjarskiptabúnað og samtengimúffur í tækjarýmum, tækjahúsum og í hýsingarsölum, pláss á tengigrind eða í tengiskáp og aðstöðuleigu fyrir loftnet í möstrum, staurum eða á húsveggjum. Er boðið skilyrt því að nægilegt rými sé til staðar.

Í inntaksherbergjum þar sem þau eru er til staðar býður þjónustusali upp á aðstöðuleigu fyrir samtengimúffur. Ekki eru gerðar sömu kröfur til þessa rýmis og annars hefðbundins leigurýmis, t.d. varðandi kælingu og staðsetningu í rými.

Í tækjarýmum, tækjahúsum og í hýsingarsölum býður þjónustusali almennt upp á kaup á rafmagni, annaðhvort eða bæði 230V netspennu og 48V lágsennu.

Þjónustukaupi sem óskar eftir aðstöðuleigu þjónustusala skal senda inn umsókn þar að lútandi, sjá nánar viðauka 5. Umsókn og afgreiðsla á aðstöðuleigu.

1.2. *Almennar kröfur*

Uppsettir skápar, samtengimúffur, loftnet, búnaður og rafmagnsnotkun þjónustukaupa skal vera í samræmi við umsókn þjónustukaupa.

Allur frágangur á skápum, samtengimúffum, loftnetum, búnaði og raf- og fjarskiptalögnum skal vera í samræmi við viðauka 3. Verklags- og öryggisreglur. Öll umgengni skal vera í samræmi við viðauka 6. Umgengnisreglur.

1.3. *Breytingar á húsnæði eða lagnaleiðum*

Ef gera þarf breytingar á húsnæði, tækjarými, inntaki eða lagnaleiðum til að koma til móts við þarfir þjónustukaupa, skal þjónustukaupi senda þjónustusala umsókn um slíkt með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is> og semja um það sérstaklega.

1.4. Lagnaleiðir innanhúss

Þjónustukaupi hefur afnotarétt af lagnaleiðum þjónustusala innanhúss frá sameiginlegum punktum, s.s. inntaki, tengigrind eða tengiskáp.

Þjónustusali hefur ákvörðunarvald um lagnaleiðir og notkun þeirra. Virða ber reglur um eldvarnir við lagningu strengja milli rýma. Ef lagnaleið fer í gegnum rými þriðja aðila þarf öryggi að vera tryggt, s.s. brunavarnir, aðgengi og skerming strengja þar sem það á við. Ganga varanlega frá götum sem gerð eru á rými þegar farið er með strengi í gegn, jarðstrengi, loftnetastrengi og fleira.

Eingöngu er heimilt að leggja strengi úr halógenfríu efnum frá inntaki að tækjaskáp. Sama gildir um lagnir inni í og á milli tækjarýma.

Ef um lagnaleið er að ræða sem eingöngu nýtist viðkomandi þjónustukaupa skal þjónustukaupi greiða þann kostnað sem hlýst af uppsetningu á viðkomandi lagnaleið. Ósk um að þjónustusali setji upp lagnaleið þarf að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Þjónustusali tekur alltaf ákvörðun um staðsetningu á lagnaleiðum.

Óski þjónustukaupi eftir að setja sjálfur upp nýja lagnaleið skal það einnig gert með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Skal þjónustukaupi greiða fyrir hönnun og mögulegan efniskostnað samkvæmt verðskrá fyrir útselda vinnu og þjónustu þjónustusala.

1.5. Nágreennishýsing og aðgangur að lagnaleiðum innanhúss

Þurfi þjónustukaupi að leggja streng að búnaði sínum og nota til þess lagnaleið, svo sem inntaksrör, inntaksbrunn, inntaksherbergi eða múffugrindur í eigu þjónustusala, greiðir þjónustukaupi samkvæmt Verðskrá viðauka 2, lið 1.5.

Auk þess greiðir þjónustukaupi fyrir hönnun, framkvæmd og efni við lagningu strengs samkvæmt verðskrá fyrir útselda vinnu og þjónustu ef við á.

Þjónustukaupa er óheimilt að framleigja rétt sinn til afnota af inntaki og lagnaleiðum innanhúss til þriðja aðila nema með skriflegum framsalssamningi. Hyggist aðili annar en þjónustukaupi nýta inntak og lagnaleiðir ber að senda inn umsókn um slíkt með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is> og haka við. Greiða þarf samkvæmt viðauka 2. Verðskrá, lið 1.5 fyrir afnot af inntaki og lagnaleiðum. Tilgreina þarf stærð og tegund af streng ásamt nafni á þeim þjónustukaupa sem leigir aðstöðuna sem tengjast á við. Auk þess greiðir þjónustukaupi fyrir hönnun, framkvæmd og efni við lagningu strengs samkvæmt verðskrá fyrir útselda vinnu og þjónustu ef við á.

1.6. Spennujöfnun (Jarðtenging)

Spennujöfnun raflagna er til staðar í hýsingarstöðum sem varnarjarðtenging. Þegar búnaður er fjarlægður þarf að tryggja að spennujafnanir og jarðleiðarar séu ekki rofnir. Sjá nánar reglur um jarðtengingar í viðauka 3. Verklags- og öryggisreglur.

1.7. Rafmagn

Ef upplýsingar frá þjónustusala um orkunotkun liggur ekki fyrir eftir að pöntun á aðstöðuleigu hefur verið afgreidd ber þjónustukaupa að mæla notkun rafmagns og skila inn strax eftir að búnaður hefur verið gangsettur með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Að öðru kosti er þjónustusala heimilt að rukka rafmagnsnotkun í samræmi við fulla afkastagetu viðkomandi rafmagnsgreinar frá og með fyrstu mánaðarmótum eftir gangsetningu á viðkomandi búnaði.

Þjónustukaupa ber að tilkynna allar breytingar á rafmagnsnotkun með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Þjónustusali gerir reglulega úttekt og mælir notkun rafmagns og ræður sú mæling alltaf við rukkun gjalda vegna rafmagnsnotkunar. Ef rafmagnsnotkun við úttekt mælist önnur en rukkad er fyrir er þjónustusala heimilt að rukka afturvirktilt til síðustu mælingar eða þar til búnaðar var gangsettur.

Rafmagn er selt skv. verðskrá Mílu sjá nánar í viðauka 2 Verðskrá lið 1.8. Þjónustusala er heimilt að slökkva á búnaði notenda aflkerfa í hættuástandi sem og í neyðarástandi eða fara fram á að notendur slökkvi á sínum búnaði

1.8. Rafmagn – 48V

Þar sem þjónustusali er með uppsettan afriðil getur þjónustukaupi keypt 48V DC rafmagn. 48V DC rafmagn er afhent frá undirdreifingu afriðils. Rofpol aflbúnaðar er byggt upp með tilliti til mikilvægis staðar, ástands veitu, landsfræðilegum staðsetningum og annara þátta. Þar sem ekki er uppsettur afriðill er þjónustukaupa heimilt að óska eftir aðgengi að 48V rafmagni með því að senda inn umsókn um slíkt með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>.

Við gangsetningu búnaðar skal þjónustukaupi mæla rafmagnsnotkun viðkomandi búnaðar og senda þær upplýsingar í „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>.

1.9. Rafmagn – 230V

Veiturfarmagn afhendist almennt sem einfasa 230V 16A grein í CEE tengill. Til að óska eftir stöðluðum tengli ber þjónustukaupa að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is/colocation> og haka við rafmagn “240V”.

Ef þjónustukaupi óskar eftir einhverju öðru en stöðluðum 16A tengli þarf að óska eftir því sérstaklega með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Greiðir þjónustukaupi allan kostnað sem af því hlýst. Gera má ráð fyrir rofi á veiturfarmagni einstaka sinnum vegna bilana og breytinga. Þjónustukaupi verður látinn vita með fyrirvara um fyrirfram ákveðin rafmagnsrof á vegum þjónustusala. Slíkt á ekki við um rafmagnsrof sem verða á veiturfarmagni í veitukerfinu. Ef þjónustukaupi setur upp sitt eigið varaafli þarf að fylgja stöðlum þess efnis.

Við gangsetningu búnaðar skal þjónustukaupi mæla rafmagnsnotkun viðkomandi búnaðar og senda þær upplýsingar í „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Rafmagn er selt samkvæmt verðskrá Mílu, sjá nána viðauka 2 Verðskrá lið 1.8.

Ef þjónustukaupi eða þjónustusali óskar eftir að settur verði upp frádráttarmælir eða sér orkusölumælir dreifveitna ber þjónustukaupa að óska eftir því með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Greiðir þjónustukaupi allan kostnað sem af því hlýst. Þjónustukaupi með sér orkusölumæli dreifiveitna ber að greiða sérstakt gjald fyrir rafmagn vegna kælingar. Sjá nánar viðauka 2 Verðskrá lið 1.8.

Á vissum hýsingarstöðum er verð reiknað sérstaklega sem endurspeglar raunkostnað á viðkomandi stað með hæfilegri álagningu. Um er að ræða tækjarymi sem skilgreind hafa verið samkvæmt þjóðvegaútboði Fjarskiptasjóðs frá 2007. Sjá nánar viðauka 2 Verðskrá lið 1.4.

1.10. UPS og Varaafllstöðvar

Á stöðum tilgreindum á vefsíðu Mílu býður þjónustusali upp á stoðveitu-rafmagn framleitt með varaafllstöðvum.

Varaafllstöðvar eru til staðar á eftirtöldum stöðum sjá excelskjál [Rafstöðvar - varavélar.xls](#) í hlekk hér undir.

<https://www.mila.is/endursoluadilar/adstoduleiga/adstada-i-taekjahusum/>

Í hýsingaraðstöðu þjónustusala í Múlastöð og Breiðholtsstöð getur þjónustukaupi keypt 230V varið af UPS. Tilgangurinn með þessari þjónustu er að brúa bilið milli á veitu rafmagns og rafstöðvar.

1.11. Mismunur á tækjahúsum og tækjarýmum

Tækjarými eru rými undir tækjabúnað í húsnæði með möguleika á sér inntaksherbergi, tengigrindarrými og stoðveiturými. Tækjahús eru minni hús þar sem allur búnaður er staðsettur í sama rými eða leiga á lóð eða landi undir fjarskiptabúnað s.s. hús, mastur.

1.12. Skilgreining á verðflokkum tækjarýma og tækjahúsa

Salir

Salir er aðstöðuleiga í stærri tækjarýmum og tækjasölum sem staðsettir eru í þéttbýli.

Þéttbýli

Þéttbýli er aðstöðuleiga í minni tækjarýmum eða tækjahúsum sem staðsett eru í þéttbýli.

Dreifbýli

Dreifbýli er aðstöðuleiga í tækjarýmum eða tækjahúsum í dreifbýli. Nær eingöngu til þeirra staða sem eru í alfaraleið.

Utan byggðar

Utan byggðar er aðstöðuleiga í tækjarýmum eða tækjahúsum utan alfaraleiðar.

Þjóðvegaútboð

Þjóðvegarútboð er aðstöðuleiga í tækjahúsum sem skilgreind hafa verið samkvæmt þjóðvegaútboði Fjarskiptasjóðs frá 2007.

Sjá nánar viðauka 2 Verðskrá.

1.13. Loftræsting, kæling og rakastig

Þjónustan felur ekki í sér stýringu á rakastigi í húsnæði þjónustusala og getur rakastig breyst töluvert. Ef þjónustukaupi gerir kröfu um ákveðið rakastig skal semja um það sérstaklega með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>.

Í húsnæði þjónustusala gildir eftirfarandi:

- Viðmiðið er að hitastig í tækjasölum sé á bilinu 15 til 25°C mælt í 150 cm hæð frá gólfi. Þar sem eingöngu er kælt með útilofti er ekki hægt að ábyrgjast viðmiðunarhitastig ef útihitastig fer yfir 20°C.
- Þjónustukaupa ber í öllum tilvikum gefa upp hver er áætluð orkunotkun / kælipörf búnaðar (tækjaskáps).

1.14. *Kæling rekstarkostnaðar – hitun*

Þjónustukaupi greiðir sérstaklega vegna orku sem fer í að halda hitastigi húsnæðis milli 15 og 25°C og er gjaldið tengt orkunotkun þjónustukaupa. Gjaldið er reiknaði inn í rafmagnsverðskrá þjónustusala, en ef þjónustukaupi er með sér orkusölumæli dreifiveitna ber honum eingöngu að greiða sérstakt gjald fyrir rafmagn vegna kælingar. Sjá nánar viðauka 2 Verðskrá lið 1.8.

Ef þjónustukaupi óskar eftir að vera með sér orkusölumæli dreifiveitna ber honum að óska eftir því með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>.

1.15. *Aðgangsstýring og öryggiskerfi*

Aðgangur að tækjarymum og tækjahúsum er aðgangsstýrt með rafrænum aðgangsstýringum. Sækja þarf um aðgang að hýsingarstöðum þjónustusala með því að senda „**Verkbeiðni (Forði)**“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>.

1.16. *Myndavélakerfi*

Í sumum tækjasölum, tækjarymum og tækjahúsum eru myndavélakerfi. Á þeim stöðum þar sem eru myndavélakerfi eru uppsett eru viðskiptavinir upplýstir um það með skilti á áberandi stað.

1.17. *Brunaviðvörðunarkerfi*

Brunaviðvörðunarkerfi eru mismunandi eftir hýsingarstöðum. Brunaviðvörðunarkerfi eru almennt til staðar í hýsingarsölum og stærri tækjarymum, en almennt ekki í minni tækjarymum og tækjahúsum utan byggðar og utan alfaraleiðar.

1.18. *Heilsuvarnir og truflanir frá búnaði*

Búnaður þjónustukaupa skal uppfylla útgeislunarkröfur í samræmi við ETSI ETS 300 386-1, class 2 "Equipment Engineering; Public Telecommunication Network Equipment Electro-Magnetic Compatibility (EMC) Requirements; part 1. Verði truflanir á einhverjum búnaði í tækjarymi þjónustusala raktar til búnaðar í hýsingu, skal viðkomandi fyrirtæki greiða fyrir allan kostnað sem af því hlýst að koma í veg fyrir truflanirnar svo og kostnað við að greina og leysa vandann.

Þjónustukaupi þarf að vera með leyfi Fjarskiptastofu vegna leyfisskyldra tíðnibanda til að fá pláss fyrir loftnet í möstrum og staurum þjónustusala.

Þjónustukaupi verður að uppfylla íslensk lög, íslenskar reglur og staðla vegna búnaðar sem settur er upp í og við tækjarymi Mílu.

Sjá nánar tilvísanir í Viðauka 3 Verklags- og öryggisreglur.

Viðauki 2. Verðskrá aðstöðuleigu

1.1. Leiguverð fyrir aðstöðuleigu í tækjarymum, sölum og tækjahúsum

Verðskrá fyrir leigu í tækjarymi, sal eða tækjahúsi er í 4. gjaldflokkum. Salir, Þéttbýli, Dreifbýli og Utan byggðar. Tækjarymi/hús telst vera utan byggðar ef að staðsetning er við eða nálæg ógreiðfærum vegi. Verðskráin er samsett úr fjórum stærðareiningum sem eru ½*60*60cm, 1*60*60cm, ½*80*80cm og 1*80*80cm.

	Salir	Þéttbýli	Dreifbýli	Utan byggðar
1 skápaeyning 60x60x220	22.300 kr.	22.300 kr.	24.200 kr.	48.400 kr.
½ skápaeyning 60x60x110	11.150 kr.	11.150 kr.	12.100 kr.	24.200 kr.
1 skápaeyning 80x80x220	35.800 kr.	35.800 kr.	38.700 kr.	77.500 kr.
½ skápaeyning 80x80x110	17.900 kr.	17.900 kr.	19.350 kr.	38.750 kr.
Fermetrar	1.800 kr.	1.800 kr.	1.900 kr.	3.900 kr.

Hámarks lofthæð (hæð á frístandandi gólfskápa) er alltaf 220cm.

Þörf á gólfplássi rúkkast eftirfarandi:

Skápur með meðaltal breidd*dýpt undir 60*60 fellur undir ½ 60*60 gjaldflokkinn.

Skápur með meðaltal breidd*dýpt 60*60 fellur undir 1 60*60 gjaldflokkinn.

Skápur með meðaltal breidd*dýpt yfir 60*60cm fellur undir 1+½ 60*60 gjaldflokkinn.

Skápur með meðaltal breidd*dýpt undir 80*80 fellur undir ½ 80*80 gjaldflokkinn

Skápur með meðaltal breidd*dýpt 80*80 fellur undir 1 80*80 gjaldflokkinn.

Skápur með meðaltal breidd*dýpt yfir 80*80 fellur undir 1+½ 80*80 gjaldflokkinn.

1.2. Leiguverð fyrir aðstöðuleigu í inntaksherbergjum

Í inntaksherbergjum er í boði aðstöðuleiga fyrir samtengimúffur. Úthlutað pláss undir eina samtengimúffu er 60*60*110cm sem samsvarar aðstöðuleiguplássi fyrir ½ 60*60 skápaeyningu.

	Salir	Þéttbýli	Dreifbýli	Utan byggðar
1* samtengimúffa	11.200 kr.	11.200 kr.	12.100 kr.	24.200 kr.

1.3. Leiguverð fyrir aðstöðuleigu fyrir loftnet í mastri eða staur

Aðstöðuleiga í mastri eða staur skiptist í fjóra flokka og miðast verðskrá við hæð í mastri /staur og umfang búnaðar (flatarmál). Verð eru óháð þyngd loftneta og búnaðar en þjónustusala er heimilt að setja takmörk fyrir því hversu þung loftnet og búnaðar má vera.

Flokkun á aðstöðu í mastri m.v. staðsetningu og umfang:

Staðsetning. Flatarmál.	0 - 0,24 fm	0,25 - 0,74 fm	0,75 - 2,6 fm	Yfir 2,6 fm
Yfir 20 metra	2	3	4	4
10 - 20 metrar	1	2	3	4
0 - 9 metrar	1	1	2	3
Á húsi	1	1	2	3

Leiga fyrir aðstöðu í mastri eftir flokkum

Flokkar	Þéttbýli og dreifbýli	Utan byggðar
1	5.500 kr.	7.200 kr.
2	11.100 kr.	14.400 kr.
3	16.600 kr.	21.600 kr.
4	22.100 kr.	28.800 kr.

Verð er án virðisaukaskatts.

1.4. Leiguverð vegna þjóðvegaútboðs Fjarskiptasjóðs

Annað verð gildir í tækjarýmum sem skilgreind hafa verið samkvæmt útboði fjarskiptasjóðs 2007 og gildir sú skilgreining til 7 ára frá undirritun samnings við fjarskiptasjóð. Eftir þann tíma falla viðkomandi tækjarými undir almenna verðskrá Mílu.

Leiguverð á mánuði er eftirfarandi:

Tækjaskápur eða búnaður allt að 60x60x110	7.688 kr. á skáp
Tækjaskápur eða búnaður frá 60x60x110 að 60x60x220	10.749 kr. á skáp
Aðstaða í allt að 10 m. hæð	3.071 kr. á loftnet
Aðstaða í allt að 15 m. hæð	4.607 kr. á loftnet
Aðstaða yfir 15 m. hæð	6.142 kr. á loftnet

Leiguverðskrá Fjarskiptasjóðs er tengd byggingarvísitölu.

*Grunnverð, fylgir byggingarvísitölu frá jan.2013.

1.5. Verð fyrir aðgang strengja frá nágrennishýsingu að inntaki og afnot af lagnaleiðum innanhúss

Fyrir fyrsta strenginn í gegnum inntaksrör inn í tækjarými eða tækjahús greiðast 112.450 krónur. Fyrir hvern viðbótarstreng sem lagður er samtímis í sama rör, greiðast 24.096 krónur. Auk þess greiðir þjónustukaupi fyrir hönnun, framkvæmd og efni við lagningu strengs samkvæmt verðskrá fyrir útselda vinnu og þjónustu.

Fyrir aðgang að múffugrind og/eða lagnaleið sbr. viðauka 1, lið 1.5. greiðast 2.350 krónur mánaðargjald fyrir hvern streng.

Fyrsti stengur í gegnum inntaksrör	112.450 kr.
Verð fyrir hvern viðbótarstreng í gegnum inntaksrör	24.096 kr.
Mánaðargjald fyrir hvern streng að múffugrind eða í lagnaleið	2.350 kr.

1.6. Verð fyrir aðgang og pláss á kopar- og ljóstengigrind eða tengiskáp

Verð fyrir aðgang að tengigrind eða tengiskáp er 1.223 krónur á mánuði fyrir hverjar 100 línur af kopar.

1.7. Afslættir

Afsláttarkjör eru einungis í boði fyrir aðstöðuleigu fyrir skápaeiningar og samtengimúffur og eru eftirfarandi:

1. árs samningur: 5% afsláttur, viðbótar uppsagnarfrestur eins mánaðar leiga
 2. ára samningur: 10% afsláttur, viðbótar uppsagnarfrestur tveggja mánaða leiga
 3. ára samningur: 15% afsláttur, viðbótar uppsagnarfrestur þriggja mánaða leiga
- Útgöngugjald er gjald sem greitt er ef samningi um aðstöðuleigu er sagt upp áður en umsömdum samningstíma lýkur. Gjaldið bætist við sex mánaða uppsagnarfrest sbr. gr.16.3. í samningi.

1.8. Verð fyrir rafmagn

Lagning á rafmagnsgreinum og uppsetning á rafmagnstenglum er rukkað samkvæmt verðskrá fyrir útselda vinnu þjónustusala.

Þjónustukaupi greiðir beinan rafmagnskostnað við rekstur síns búnaðar.
 Þjónustukaupa ber að mæla og upplýsa þjónustusala um rafmagnsnotkun.
 Þjónustusali mælir reglubundið raunnotkun og gerir þá leiðréttingar í samræmi við þær mælingar. Verð fyrir rafmagn breytist í samræmi við verðskrá birgja Mílu og eru eftirfarandi*:

Lýsing	Eining	Verð
230 Volta rafmagn, Þéttbýli	kW	12.800 kr.
230 Volta rafmagn, Dreifbýli	kW	15.800 kr.
UPS 230 V rafmagn Múlastöð	kW	21.500 kr.
UPS 230 V rafmagn Breiðholtsstöð	kW	24.700 kr.
Rafmagn vegna kælingar, þéttbýli	kW	2.600 kr.
Rafmagn vegna kælingar, dreifbýli	kW	3.200 kr.

Gjaldskrá fyrir 48 Volt (Eining kW)

Flokkun	48 Volt	Rafmagn f. 48 Volt	Samtals
Þéttbýli	26.700 kr.	13.900 kr.	40.600 kr.
Dreifbýli	61.200 kr.	17.600 kr.	78.800 kr.
Salir	14.900 kr.	13.500 kr.	28.400 kr.
Utan byggðar	142.600 kr.	18.600 kr.	161.200 kr.

* Verðskrá þessi hefur verið uppfærð samkvæmt breytingum á verðskrá birgja í janúar 2023 og tekur gildi 1. júlí 2023.

Viðauki 3. Verklags- og öryggisreglur

Eftirfarandi verklagsreglur gilda um skápaeiningar, búnað, samtengimúffur, lagnaleiðir og lagnir í öllum tækjahúsum, tækjarymum, inntaksherbergjum og sölum Mílu.

1. Öryggisreglur

- Þjónustusala er heimilt að krefjast þess þjónustukaupi leggi fram gögn sem staðfesti að þjónustukaupi hafa leyfi til reksturs á viðkomandi búnaði. Þjónustusala er einnig heimilt að krefjast þess að lögð verði fram gögn sem staðfesta að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur.
- Geti þjónustukaupi ekki lagt fram gögn sem staðfesta að þjónustukaupi hafi leyfi til rekstursins getur það leitt til riftunar á aðstöðuleigusamningi.
